

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 21. apríl 2021

Mál nr. E-6845/2020:

**A**

(*Árni Gestsson lögmaður*)

**gegn**

**Íslandspósti ohf.**

(*Andri Andrason lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., var höfðað 13. október 2020 af stefnanda, A, [...], gegn stefnda, Íslandspósti ohf., [...].

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 10.307.578 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 830.569 krónum frá 1. febrúar 2020 til 1. mars 2020, af 1.661.138 krónum frá þeim degi til 1. apríl 2020, af 2.509.707 krónum frá þeim degi til 1. maí 2020, af 3.358.276 krónum frá þeim degi til 1. júní 2020, af 4.257.845 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2020, af 5.106.414 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2020, af 5.954.983 krónum frá þeim degi til 1. september 2020, af 6.803.552 krónum frá þeim degi til 1. október 2020, af 7.652.121 krónu frá þeim degi til 1. nóvember 2020, af 8.500.690 krónum frá þeim degi til 1. desember 2020, af 9.349.259 krónum frá þeim degi til 15. desember 2020, af 9.444.259 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2021 og af 10.307.578 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 2.689.578 krónur með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 830.569 krónum frá 1. febrúar 2020 til 1. mars 2020, af 1.661.138 krónum frá þeim degi til 1. apríl 2020, af 1.747.707 krónum frá þeim degi til 1. maí 2020, af 1.834.276 krónum frá þeim degi til 1. júní 2020, af 1.973.845 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2020, af 2.060.414 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2020, af 2.146.983 krónum frá þeim degi til 1. september 2020, af 2.233.552 krónum frá þeim degi til 1. október 2020, af 2.320.121 krónu frá þeim degi til 1. nóvember 2020, af 2.406.690 krónum frá þeim degi til 1. desember 2020, af 2.493.259 krónum frá þeim degi til 15. desember 2020, af 2.587.259 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2021 og af 2.689.578 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst sýknu auk málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### Málavextir

Stefnandi hóf störf sem fulltrúi á póstmálasviði Póst- og símamálastofnunar í júní 1993. [...] Miðuðust starfslok hennar við 31. janúar 2020.

Í áðurnefndri 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 var kveðið á um að fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skyldu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skyldu þeim boðnar stöður hjá því sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni. Þó færi um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi væru við gildistöku nr. 103/1996. Lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins höfðu þá nýlega tekið gildi, eða 1. júlí 1996. Óumdeilt er að stefnandi þáði starf hjá hinu nýja hlutafélagi og hefur síðan gegnt starfi hjá arftökum þess.

Með bréfi lögmanns stefnanda 18. ágúst 2020 var gerð krafa um greiðslu 12 mánaða biðlauna. Var krafan sögð byggjast á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 og yngri og eldri lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Stefnandi hefði þjónað Póst- og símamálastofnun og arftökum hennar allt frá árinu 1993 og hefði því 12 mánaða biðlaunarétt. Stefndi hafnaði kröfum stefnanda.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi sett fram varakröfu vegna launagreiðslna hjá öðrum vinnuveitanda á umkröfðu tímabili biðlauna og koma þær til frádráttar kröfu hennar á tímabilinu apríl 2020 til janúar 2021 eins og nánar greinir í breyttri kröfugerð hennar fyrir dóminum. Í samræmi við áskilnað í stefnu hefur stefnandi einnig gert breytingu á aðalkröfu þar sem biðlaunakröfur voru við málshöfðun ekki allar fallnar í gjalddaga og efndatími á skyldu stefnda til greiðslu því ekki kominn. Er þannig í aðalkröfu nú krafist biðlauna fyrir alla 12 mánuðina á biðlaunatíma. Sætti þessi breyting ekki andmælum af hálfu stefnda.

## II

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Krafa stefnanda um greiðslu biðlauna byggist á lögum nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar og vísar stefnandi einnig til eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 og yngri laga um sama efni nr. 70/1996. Stefnandi tekur fram að í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 103/1996 segi um stofnun hlutafélags um rekstur stofnunarinnar að ætlunin sé að auka sjálfstæði hennar og gera stjórnendum auðveldara að bregðast við aukinni samkeppni og nýjum aðstæðum á sviði þeirrar þjónustu sem stofnunin veiti. Við stofnun félagsins hafi Póstur og sími hf. tekið yfir allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar sem og skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart starfsmönnum sínum. Um þetta sé skýrlega fjallað í 1. mgr. 8. gr. laganna þar sem segi: „Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.“

Í greinargerð með frumvarpinu segi svo: „Með ákvæðinu eru viðurkennd þau réttindi sem starfsmenn höfðu áunnið sér hjá stofnuninni fyrir stofnun félagsins. Jafnframt er kveðið svo á um að fastráðnir starfsmenn stofnunarinnar, sem kjósa að starfa áfram hjá félaginu, skuli halda áunnum réttindum hjá því og skuldbindur félagið sig til þess að virða þau réttindi og tekur við þeim skuldbindingum af ríkissjóði sem af því leiðir.“

Lög um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar hafi tekið gildi 1. september 1996. Þann 1. júlí sama ár hafi lög nr. 70/1996 tekið gildi sem breytt hafi eldri lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954. Í lögum nr. 103/1996 segi að um biðlaunarétt skuli fara eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi væru við gildistöku laganna. Í 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 segi um biðlaunarétt starfsmanna ríkisins sem höfðu hafið störf í gildistíð eldri laga nr. 38/1954: „Sé starf lagt niður á starfsmaður, sem skipaður hefur verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laga þessara og fallið hefur undir lög nr. 38/1954, en telst ekki embættismaður skv. 22. gr. laga þessara, rétt til bóta er nemi launum í sex mánuði, ef hann hefur verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði.“ Ljóst sé að staða stefnanda hafi verið lögð niður vegna skipulags- og hagræðingaradgerða hjá stefnda. Starfsaldur stefnanda hafi verið 26 ár og biðlaunaréttur því 12 mánuðir.

Í ofangreindu ákvæði sé kveðið á um að þjónustualdur ráði því hvort biðlaunaréttur starfsmanns nemi föstum launum í sex eða 12 mánuði. Stefnandi hafi

unnið hjá Póst og símamálastofnun og arftökum hennar allt frá árinu 1993 og hafi því 12 mánaða biðlaunarétt enda sé á því byggt að ávinnsla réttindanna haldi áfram eftir formbreytingu á eignarhaldi fyrirtækisins. Þá byggir stefnandi á því að uppsögn stefnanda, með vísan til hagræðingaraðgerða og skipulagsbreytinga, teljist vera niðurlagning á stöðu hennar í skilningi áður nefndra ákvæða og að fyrir því sé löng dómafrankvæmd. Stefnandi tekur fram að brottfelling laga nr. 103/1996 breyti ekki ráðningarsambandi aðila.

Stefnandi vísar enn fremur til ráðningarsamnings síns við Póst og síma hf. er gilda hafi átt frá 1. janúar 1997. Þar komi fram að um sé að ræða ráðningarsamning um starf hjá væntanlegu hlutafélagi um rekstur Póst- og símamálastofnunar samkvæmt 8. gr. laga nr. 103/1996. Á fremstu síðu segi undir fyrirsögninni „Áunnin réttindi“: „[...] Bótaréttur (biðlaunaréttur) er 6 mánaða föst laun.“

Samningurinn lýsi áunnum réttindum við undirritun samningsins og réttindaávinnsla haldi svo áfram. Það hafi enda verið markmið löggjafans og önnur túlkun samningsins sé ósanngjörn í garð stefnanda. Við gerð samningsins hafi þjónustualdur stefnanda verið fjögur ár og biðlaunaréttur því sex mánuðir. Árið 2008 hafi stefnandi náð 15 ára þjónustualdri í starfi sínu. Stefnandi byggir á því að réttindaávinnsla hennar í starfi hafi haldist þrátt fyrir formbreytingu á stofnuninni sem hún þjónaði og því skapi biðlaunarétturinn henni rétt til 12 mánaða launa nú þegar staða hennar sé lögð niður eftir meira en 15 ára þjónustu.

Stefnandi byggir á því að túlka verði ákvæði ráðningarsamningsins um sex mánaða biðlaunarétt þannig að þar sé lýst áunnum réttindum á því tímamarki þegar samningurinn hafi verið gerður en ekki takmörkun á ríkari bótarétti þegar samfelldur þjónustualdur uppfylli skilyrði til 12 mánaða biðlauna enda sé sérstaklega vísað til 8. gr. laga nr. 103/1996 í ráðningarsamningnum. Að öðrum kosti fælist í samningnum eftirgjöf starfsmanns á áunnum réttindum sem geti ekki hafa verið ætlun aðila og stefnandi hafi ekki verið í aðstöðu til að átta sig á, ólíkt ríkisstofnuninni, en ráðningarsamningurinn hafi verið undirritaður af Pétri Reimarssyni, formanni undirbúningsnefndar um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, og Guðmundi Björnssyni, forstjóra hins væntanlega hlutafélags Pósts og síma hf. Verði að ætla að þeim hafi verið kunnugt um réttindi stefnanda sem ríkisstarfsmanns. Verði ákvæðið túlkað á annan veg kveðst stefnandi byggja á því af ástæðum, sem hér hafi verið nefndar, að það beri að víkja því til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. fordæmi Hæstaréttar í máli nr. 357/1999, Bjarni Magnússon gegn Landsbanka Íslands hf.

Stefnandi kveðst að síðustu vísa til meginreglu 1. mgr. 3. gr. laga nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum um að réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðningarsamningi eða ráðningarsambandi, sem fyrir hendi

sé á þeim degi sem aðilaskipti eigi sér stað, eigi að færast til framsalshafa. Ranglega hafi verið vísað til meginreglu laga nr. 72/2002 í stefnu en sömu reglu megi leiða af ákvæði 1. mgr. 2. gr. eldri laga nr. 77/1993 um sama efni. Sama regla felist í ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 er hlutafélagi sé skipt. Stefndi hafi tekið við ráðningarsamningnum við stefnanda af fyrirrennara sínum, Pósti og síma hf., og beri því alla þá ábyrgð gagnvart stefnanda, sem í samningnum felist, við niðurlagningu á stöðu hennar.

Eins og þegar er fram komið breytti stefnandi kröfugerð sinni undir rekstri málsins og sætti það ekki andmælum af hálfu stefnda. Fram kemur í skýringum stefnanda með breyttri kröfugerð að krafa í stefnu hafi verið sett fram með fyrirvara um að biðlaunakröfur stefnanda hafi ekki að öllu leyti verið fallnar í gjalddaga og áskilinn réttur til að breyta kröfugerð vegna þessa. Með breytingunni væri nú krafist biðlauna fyrir alla 12 mánuðina. Í aðalkröfu sé miðað við að laun í uppsagnarfresti skerði ekki biðlaun en til þess sé á hinn bóginn tekið tillit í varakröfu. Varakrafan miðist þannig við að frá biðlaunum dragist launatekjur stefnanda á biðlaunatímabilinu hjá BK Consulting slf. í samræmi við þær tekjuupplýsingar sem fram komi á sundurliðunarfærslu úr staðgreiðsluskrá.

Við skýringu á kröfugerð sinni tekur stefnandi fram að í eldri starfsmannalögum nr. 38/1954 segi að starfsmenn skuli halda „föstum launum“ á biðlaunatímanum. Launahugtak biðlauna hafi verið skýrt á þann veg að starfsmaður eigi rétt á þeim föstu launum sem starfi hans fylgdu áður en staða hans var lögð niður. Hafi starfsmaður haft laun samkvæmt ákveðnum launaflokki skuli greiða honum þau sömu laun. Ofan á mánaðarlaun, komi síðan þær launahækkningar sem verði á biðlaunatímanum samkvæmt kjarasamningi sem gildi hverju sinni, auk orlofs- og desemberuppbótar. Auk mánaðarlauna verði sömuleiðis, við útreikning biðlauna, að taka tillit til mánaðarlegra viðbótarlauna. Föst yfirvinna sem greidd hafi verið mánaðarlega, án tillits til vinnuframlags, teljist viðbótarlaun í þessum skilningi og beri að taka þau með við útreikning biðlauna. Fyrir þessu sé löng dómaframkvæmd.

Í nágildandi kjarasamningi Póstmannafélags Íslands og stefnda sé kveðið á um launabreytingar á samningstímanum. Kröfugerð stefnanda taki mið af þeim. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi laun stefnanda verið greidd fyrir fram. Aðalkrafa stefnanda sundurliðist því á eftirfarandi hátt:

|               |             |
|---------------|-------------|
| Gjalddagi:    | Föst laun:  |
| 01.02.2020    | 830.569 kr. |
| 01.03.2020    | 830.569 kr. |
| 01.04.2020    | 848.569 kr. |
| 01.05.2020    | 848.569 kr. |
| 01.06.2020    | 848.569 kr. |
| Orlofsuppbót, | 51.000 kr.  |

|                               |                |
|-------------------------------|----------------|
| 01.06.2020                    |                |
| 01.07.2020                    | 848.569 kr.    |
| 01.08.2020                    | 848.569 kr.    |
| 01.09.2020                    | 848.569 kr.    |
| 01.10.2020                    | 848.569 kr.    |
| 01.11.2020                    | 848.569 kr.    |
| 01.12.2021                    | 848.569 kr.    |
| Desemberuppbót,<br>15.12.2020 | 94.000 kr.     |
| 01.01.2021                    | 864.319 kr.    |
| Samtals:                      | 10.307.578 kr. |

Varakrafan miðist við sömu sundurliðun en að teknu tilliti til launagreiðslna á tímabilinu frá 1. apríl 2020 til 1. janúar 2021.

Hvað málatilbúnað stefnda varðar tekur stefnandi fram að túlkun hans á því að bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 nái ekki til stefnanda fái ekki staðist. Þá hafi það enga þýðingu að lög nr. 103/1996 hafi verið lögð niður vegnar skýrrar vísunar í 8. gr. þeirra til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Jafnframt fái sú túlkun stefnda ekki staðist, að það hafi áhrif á biðlaunarétt hvort viðkomandi staða sé lögð niður í beinu framhaldi af stofnun Pósts og síma hf. eða síðar. Hún eigi sér hvorki stoð í ráðningarsamningi né lögum og sé ekki í samræmi við vilja löggjafans. Áunnin biðlaunaréttindi séu tiltekin í ráðningarsamningi þegar staða hennar hafi flust yfir til hlutafélagsins. Taka hefði þurft fram með skýrum hætti hefðu þessi réttindi átt að vera tímabundin. Ljóst megi vera að meiningin hafi ekki verið sú að við stofnun hlutafélagsins yrði staðan lögð niður heldur að hún flyttist yfir til hlutafélagsins eins og skýrlega komi fram í ummælum ráðherra á þinginu er hann mælti fyrir frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 103/1996.

Hvað varðar þá túlkun stefnda að biðlaunaréttur verði ekki byggður á ráðningarsamningi tekur stefnandi fram að aðilum ráðningarsamnings sé frjálst að semja um starfskjör starfsmanni í hag. Stefnandi mótmælir því að málsástæða hans um að krafan byggist á ráðningarsamningi sé of seint fram komin eins og stefndi haldi fram, enda sé hennar skýrlega getið í stefnu.

Dráttarvaxtakrafa sé gerð með vísan til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafist sé dráttarvaxta frá gjalddaga biðlauna/skaðabóta hverju sinni, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Málskostnaðarkrafa sé gerð með stoð í 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt sé skaðleysiskrafa, þar sem stefnandi reki ekki virðisaukaskattsskylda starfsemi og eignist ekki frádráttarrétt við greiðslu skattsins samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir málsástæðum og málalítilbúnaði stefnanda í heild sinni og krefst sýknu. Í málinu sé deilt um kröfu stefnanda um greiðslu biðlauna (bóta) úr hendi stefnda sem byggist á lögum nr. 103/1996 „sbr. einnig eldri lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 og yngri lög um sama efni nr. 70/1996“ eins og segi í stefnu. Í stefnu sé og vísað til ráðningarsamnings stefnanda er tekið hafi gildi 1. janúar 1997 en nánar verði vikið að þýðingu þess síðar. Stefndi kveðst hafna meintum rétti stefnanda til biðlauna (bóta) úr hendi stefnda, hvort sem er á grundvelli þeirra laga sem vísað sé til í stefnu eða á öðrum grundvelli.

Byggt sé á því að meintur réttur stefnanda til biðlauna úr hendi stefnda sé ekki fyrir hendi og geti ekki grundvallast á þeim lögum sem vísað sé til í stefnu, þ.e. lögum nr. 103/1996, lögum nr. 38/1954 og/eða lögum nr. 70/1996. Stefndi vísar til þess að lög nr. 103/1996, er tekið hafi gildi 1. september 1996 og heimilað hafi ríkisstjórninni að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, þ.e. Póst og síma hf., hafi verið felld úr gildi með lögum nr. 75/2001, er tekið hafi gildi 15. júní 2001. Hafi lög nr. 103/1996, þ. á m. 8. gr. laganna sem stefnandi byggir á, því ekki réttaráhrif í dag og geti stefnandi ekki reist meintan rétt sinn til biðlauna á þeim.

Í frumvarpi til laga nr. 75/2001, er kveðið hafi á um að lög nr. 103/1996 féllu úr gildi, hafi þess verið sérstaklega getið að „[á]kvæði laga nr. 103/1996 hafa ekki lengur réttaráhrif og því er eðlilegt að fella þau úr gildi“ og var 8. gr. laga nr. 103/1996 í engu undanskilin. Einnig sé til þess að líta, hvað 8. gr. laga nr. 103/1996 varði, að því ákvæði hafi ekki verið ætlað að vara um ókominn tíma heldur hafi með því aðeins átt að tryggja að starfsmenn Póst- og símamálastofnunar nyttu áunnins biðlaunaréttar yrði starf þeirra lagt niður í beinu framhaldi af flutningi rekstrar stofnunarinnar til hlutafélagsins.

Tilvísun 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 til laga nr. 70/1996 hafi þannig verið ætlað að tryggja biðlaunarétt vegna niðurlagningar stöðu hjá Póst- og símamálastofnun og mögulega ef sambærileg staða yrði lögð niður í beinu framhaldi og vegna hlutafélagavæðingar í gildistíð laga nr. 103/1996. Ekki hafi þannig verið gert ráð fyrir biðlaunarétti um ókomna tíð eins og um ríkisstarfsmenn væri að ræða heldur miðað við að starfsmenn væru ekki „snuðaðir“ um biðlaunarétt með uppsögn/„niðurlagningu“ sambærilegs starfs í beinu framhaldi hlutafélagavæðingar. Annars ætti enginn biðlaunarétt við þær aðstæður þar sem lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefðu ekki gilt. Stefndi bendir á að lokamálsliður 1. mgr. 8. gr. hafi verið færður sérstaklega inn við meðferð frumvarpsins á þinginu og athugasemdir við ákvæðið og ummæli ráðherra eða önnur umræða á þinginu eigi því ekki að öllu leyti við þann málslið. Stefndi bendir einnig á að með 2. og 3. mgr. 8. gr. hafi verið

mælt fyrir um að biðlaunaréttur félli niður væri starfi hjá hlutafélaginu hafnað og ef biðlaun væru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir ráðningu hjá hlutafélaginu.

Stefndi bendir á að eldri lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954, sem vísað sé til í stefnu, hafi fallið úr gildi á árinu 1996 og hafi því ekki lengur réttaráhrif. Geti stefnandi því ekki heldur reist meintan rétt sinn á þeim.

Að því er varði lög nr. 70/1996 tekur stefndi fram að á því sé byggt að þau lög, þ. á m. fyrrgreind 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis þeirra, eigi ekki við í málinu. Ástæða þess sé sú að stefnandi sé ekki ríkisstarfsmaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna, og stefndi sé ekki ríkisstofnun, sbr. jafnframt 2. mgr. 2. gr. laganna, heldur hlutafélag einkaréttarlegs eðlis. Hvorugur aðili máls þessa falli því undir gildissvið laganna. Engu geti skipt hér þótt vísað sé til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 í 8. gr. laga nr. 103/1996, enda hafi þau lög verið felld úr gildi á árinu 2001, sbr. framangreint. Aðrir en ríkisstarfsmenn geti ekki stutt rétt sinn við lög nr. 70/1996 nema sérstakri „lagatengingu“ sé til að dreifa eða sérstaklega sé samið um það í ráðningarsamningi. Lagatenging hafi verið rofin með því að lög nr. 103/1996 hafi verið felld úr gildi. Ekki hafi verið samið um það í ráðningarsamningi eða kjarasamningi þannig að reglur um ríkisstarfsmenn geti gilt um stefnanda.

Stefndi telur því að stefnandi geti ekki byggt meintan rétt sinn til biðlauna á lögum nr. 103/1996, lögum nr. 38/1954 og/eða lögum nr. 70/1996, eða á tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996 til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996.

Til viðbótar framangreindu skipti hér og máli að af dómaframkvæmd megi leiða, hvað sem öðru líði, að í þeim tilvikum þar sem rekstur ríkisstofnunar hafi með lögum verið færður í hlutafélag feli nefnt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 og lagaákvæði sambærileg 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki í sér að hlutafélög, eins og stefndi, eða aðrir einkaréttarlegir aðilar, eigi um ókominn tíma að bera skyldu eins og ríkisstofnun gagnvart starfsmanni sínum, sem áður hafi verið í þjónustu ríkisins, til að svara til biðlauna sé starf síðar lagt niður. Vísar stefndi um þetta til dóma Hæstaréttar í málum nr. 337 og 338/2003 sem hann kveðst telja skýr fordæmi í máli þessu.

Stefndi byggir einnig á því að meintur réttur stefnanda til biðlauna verði ekki reistur á ráðningarsamningi er tekið hafi gildi 1. janúar 1997. Í ákvæði ráðningarsamningsins um áunnin réttindi „Bótaréttur (biðlaunaréttur) er 6 mánaða föst laun“ felist einungis tilvísun til þess réttar sem stefnandi hafði þá áunnið sér í störfum sínum hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954, og sem stefnandi kynni að eiga samkvæmt ofangreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996. Þessi meinti réttur sé hins vegar niður fallinn, sbr. framangreint, m.a. um að lög nr. 103/1996 hafi fallið úr gildi á árinu 2001 og um gildissvið laga nr. 70/1996.

Með umræddu ákvæði ráðningarsamningsins hafi þannig ekki verið samið sérstaklega um biðlaunarétt, óháð rétti stefnanda samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996, um ókomna tíð og þannig að gildi hafi gagnvart stefnda nú. Sé raunar ekki á því byggt af hálfu stefnanda, að því er séð verði. Í þessu ákvæði ráðningarsamningsins felist þannig ekki sjálfstæður eða sammingsbundinn réttur til biðlauna eða bóta, er þýðingu geti haft við starfslok stefnanda hjá stefnda. Þvert á móti verði að líta svo á að ákvæðið hafi aðeins tekið til þess tilviks ef starf stefnanda hefði verið lagt niður í beinu framhaldi af flutningi reksturs Póst- og símamálastofnunar til hlutafélagsins Pósts og síma hf., og jafnframt í gildistíð laga nr. 103/1996.

Að því er varði málatilbúnað stefnanda hér að lútandi sé bent á að ekki virðist ágreiningur um að í umræddu ákvæði ráðningarsamningsins hafi aðeins falist tilvísun til þess réttar sem stefnandi hafði áunnið sér við gerð sammingsins, þ.e. í störfum sínum hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954. Málatilbúnaði stefnanda að öðru leyti sé hins vegar mótmælt af hálfu stefnda, þ. á m. um að ávinnsla biðlaunaréttar hafi haldið áfram „þrátt fyrir formbreytingu á stofnuninni sem [stefnandi] þjónaði“ og að því eigi stefnandi rétt til biðlauna í 12 mánuði frá starfslokum, eins og haldið sé fram í stefnu. Sé því og mótmælt að túlka verði ákvæði ráðningarsamningsins þannig að í honum felist „ekki takmörkun á ríkari bótarétti þegar samfelldur þjónustualdur uppfyllir skilyrði til 12 mánaða biðlauna“ og því að að öðrum kosti „fælist í samningnum eftirgjöf starfsmanns á áunnum réttindum“. Hvað varði óljósan málatilbúnað stefnanda um að víkja skuli ákvæði ráðningarsamningsins til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þá sé honum mótmælt að því marki sem fari gegn hagsmunum stefnda, en í þessum málatilbúnaði verði þó að telja að felist að stefnandi geti ekki byggt rétt á umræddu ákvæði ráðningarsamningsins sérstaklega. Krafa stefnanda sé í stefnu ekki reist á ráðningarsamningi og sé þessu mótmælt sem of seint fram kominni málsástæðu.

Til viðbótar framangreindu sé og bent á það að við skiptingu Pósts og síma hf., hafi ekki verið gert ráð fyrir því sérstaklega að meintur biðlaunaréttur færðist til stefnda, sbr. til hliðsjónar sjónarmið í dómi Hæstaréttar í máli nr. 22/2019, og sé annað ósannað. Jafnframt af þessum sökum hafi tilvísun í stefnu til laga nr. 2/1995 um hlutafélög ekki sérstaka þýðingu. Þess skuli og getið að lög nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum höfðu ekki tekið gildi við skiptingu Pósts og síma hf. á árinu 1997, auk þess sem ekki verði séð að eldri lög um sama efni hafi hér sérstaka þýðingu.

Hvað sem framangreindu líði kveður stefndi að byggt sé á því að skilyrði biðlauna séu ekki uppfyllt, hvort sem er á grundvelli bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 eða á öðrum grundvelli, verði yfir höfuð talið að biðlaunaréttur sé fyrir hendi.

Þannig telur stefndi ljóst að skilyrði biðlauna séu ekki uppfyllt þar sem stefnandi hafi við uppsögn í október 2019 ekki gegnt því starfi sem hún hafði gegnt í gildistíð eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 eins og sjá megi af starfsferli stefnanda. Líta verði svo á að með orðinu „starf“ í skilningi umrædds bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996, sem lög nr. 103/1996 hafi vísað til, sem fyrr segi, sé átt við það starf sem viðkomandi starfsmaður hafi gegnt í gildistíð eldri laga nr. 38/1954. Sama skilning verði að leggja í tilvísun ráðningarsamningsins til áunnins bótaréttar (biðlaunaréttar). Biðlaunaréttur teljist því ekki eiga að vera fyrir hendi hafi starfsmaður síðar tekið við öðru starfi (nýju starfi), svo sem hér hátti til. Ljóst sé að stefnandi hafi ekki gegnt starfi forstöðumanns alþjóða- og samskiptadeildar, eða starfi sem verði lagt því að jöfnu, hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954. Vísist í því sambandi m.a. til þess að í stefnu komi fram að stefnandi hafi starfað hjá stofnuninni sem fulltrúi og að starfsheiti stefnanda samkvæmt áður nefndum ráðningarsamningi, er tekið hafi gildi 1. janúar 1997, hafi verið deildarsérfræðingur. Einnig komi fram í stefnu að stefnandi hafi orðið deildarstjóri alþjóðasamskipta árið 2000, auk þess sem fyrir liggi að stefnandi hafi ekki verið ráðin sem forstöðumaður alþjóða- og samskiptadeildar fyrr en á árinu 2013. Af þessu leiði, hvað sem öðru líði, að það starf sem meintur biðlaunaréttur hafi tekið til teljist ekki hafa verið það starf sem stefnandi gegndi við uppsögn hjá stefnda. Uppsögn stefnanda veiti henni því ekki rétt til biðlauna (eða bóta). Stefnandi hafi verið fulltrúi hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954 en síðan deildarsérfræðingur, deildarstjóri og forstöðumaður hjá hlutafélaginu. Hún hafi sérstaklega verið ráðin forstöðumaður alþjóða- og samskiptadeildar stefnda árið 2013. Að minnsta kosti frá þeim tíma hafi hún ekki verið í sama starfi og í gildistíð laga nr. 8/1954.

Þá telur stefndi ljóst að skilyrði biðlauna séu ekki uppfyllt þar sem starf stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið lagt niður en niðurlagning starfs sé forsenda biðlaunaréttar. Stefnanda hafi verið sagt upp störfum eins og gangi og gerist á almennum vinnumarkaði. Ósönnuðum fullyrðingum um annað í stefnu sé mótmælt. Þá tekur stefndi fram að ekki sé búið að leggja niður alþjóðastarf eða alþjóðasamskipti stefnda og að þeim verkefnum sé enn sinnt. Niðurlagning stöðu/starfs sé ekki sérstakt hugtak á almennum vinnumarkaði og hafi ekki neinar sjálfstæðar lögfylgjur. Ekki sé unnt að leggja sömu sjónarmið til grundvallar og eigi við um ríkisstarfsmenn. Svo sem fram komi í uppsagnarbréfinu hafi uppsögn stefnanda grundvallast á skipulagsbreytingum. Í þeim breytingum til hagræðingar hafi meðal annars falist að þeim verkefnum sem stefnandi hafi sinnt sem forstöðumaður alþjóða- og samskiptadeildar hafi verið dreift á aðra starfsmenn og forstöðumenn annarra sviða, þ. á m. og sérstaklega vörustjóra erlendra vara og forstöðumann umbóta og

vörustýringar. Af þessu leiði að það starf sem stefnandi gegndi við uppsögn hafi ekki verið lagt niður í þeim skilningi sem hér skipti máli.

Þá sé einnig á því byggt að réttur til biðlauna (bóta) sé háður því að ekki hafi orðið rof á ráðningu starfsmanns í þjónustu ríkisins. Í málinu liggi hins vegar ekkert fyrir um hvort slíkt rof hafi orðið á ráðningu stefnanda fyrir gildistöku laga nr. 70/1996 og gerð ráðningarsamningsins er tók gildi 1. janúar 1997 og áskilji stefndi sér allan rétt í því sambandi.

Auk framangreinds kveðst stefndi byggja á því að meintur réttur stefnanda til biðlauna (bóta) geti aldrei tekið til lengri tíma en sex mánaða þar sem stefnandi geti ekki talist hafa verið „í þjónustu“ ríkisins í lengri tíma en 15 ár í skilningi bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996 og tilvísað ákvæði ráðningarsamningsins. Hún hafi aðeins verið í „þjónustu ríkisins“ í 3½ ár frá júní 1993 til janúar 1997. Sé því hafnað að „ávinnslan sem tengist þjónustutímanum haldi áfram eftir formbreytinguna á eignarhaldi fyrirtækisins“, eins og fram komi í stefnu, og að stefnandi teljist þannig hafa náð 15 ára þjónustualdri árið 2008. Sé því mótmælt að við mat á þeim tíma sem stefnandi hafi verið „í þjónustu ríkisins“ beri að líta til tímans er hún hafi starfað hjá hlutafélögum sem starfi á einkaréttarlegum grundvelli, þ.e. fyrst Pósti og síma hf. og síðan stefnda. Hvergi sé gert ráð fyrir því í lögum eða annars staðar. Bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996, og ákvæði ráðningarsamningsins eigi aðeins við um þann biðlaunarétt sem áunninn hafi verið á meðan starfsmaður var „í þjónustu ríkisins“ og í gildistíð laga nr. 38/1954.

Stefndi tekur að lokum fram að sá annmarki hafi verið á málalíbúnaði í stefnu að ekkert hafi komið fram um það hvort stefnandi hafi þegið laun frá öðrum vinnuveitanda á því tímabili sem hún krefjist biðlauna en fyrir liggi að hún hafi starfað á vegum „International Post Corporation“. Stefndi bendir á að launagreiðslur á biðlaunatíma beri að draga frá biðlaunum, teljist réttur til biðlauna á annað borð vera fyrir hendi, sbr. 34. gr. laga nr. 70/1996. Þetta hafi skýrst nokkuð undir rekstri málsins en framlögð gögn um greiðslur frá BK Consulting slf. séu þó tæplega sönnun um raunverulegar tekjur stefnanda á biðlaunatíma. Stefndi tekur fram að biðlaun séu í eðli sínu bætur sbr. 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996. Önnur sjónarmið hafi átt við um frádrátt samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954. Þá verði einnig að líta til eignarhalds BK Consulting slf. en þar sé stefnandi 99% eigandi.

Jafnframt sé byggt á því að krafa stefnanda geti ekki numið hærri fjárhæð en föstum mánaðarlaunum á biðlaunatíma verði á annað borð fallist á kröfu stefnanda. Þannig beri ekki að taka tillit til launahækkana á biðlaunatíma samkvæmt kjarasamningi eða til mánaðarlegra viðbótarlauna.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé hvað sem öðru líði mótmælt, þ. á m. um upphafstíma þeirra. Eins og atvikum sé háttað í máli þessu geti dráttarvextir í fyrsta lagi reiknast frá dómsuppsögu.

Auk framangreinds vísar stefndi um lagarök til reglna vinnu-, starfsmanna-, samninga- og kröfuréttar, þ. á m. laga nr. 70/1996 og eldri laga nr. 38/1954, sem og til brottfallinna laga nr. 103/1996, sbr. lög nr. 75/2001. Einnig vísar stefndi til réttarfarsreglna, þ. á m. laga nr. 91/1991, sem og laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### IV

##### Niðurstæða

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu úr hendi stefnda um greiðslu biðlauna í 12 mánuði frá starfslokum hennar hjá stefnda 31. janúar 2020. Stefnandi byggir kröfu sína m.a. á lögum nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, ákvæðum laga nr. 38/1954 og laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stefnandi hafnar öllum málaltilbúnaði stefnanda og krefst sýknu.

Stefnandi hefur auk framangreinds einnig vísað til ákvæðis í ráðningarsamningi er gerður var við hana vegna stofnunar hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar en hann skyldi gilda frá og með 1. janúar 1997. Skilja verður málaltilbúnað í stefnu á þann veg að fyrst og fremst sé vísað til þessa ákvæðis ráðningarsamningsins hvað varðar áunnin réttindi hennar á þeim tíma er samningurinn var gerður og að sú réttindaávinnslan haldi áfram þrátt fyrir formbreytingu stofnunarinnar í hlutafélag. Önnur túlkun á ákvæðinu myndi fela í sér eftirgjöf starfsmanns á áunnum réttindum og því bæri að víkja ákvæðum hans til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

Fallast má á með stefnda að ekki sé þó skýrlega á því byggt í stefnu að ráðningarsamningurinn feli í sér sjálfstæðan rétt til biðlauna þar sem um hann hafi verið samið sérstaklega og þá umfram þann rétt sem stefnandi kynni að eiga lögum samkvæmt. Dómurinn telur því málaltilbúnað stefnanda að þessu leyti ekki alls kostar skýran í stefnu en að þó verði að líta svo á að í honum felist að á því sé byggt að ákvæði ráðningarsamningsins feli í sér rétt til biðlauna er hún geti nú byggt á vegna starfsloka sinna hjá stefnda.

Með 1. gr. laga nr. 103/1996, er tóku gildi 1. september 1996, var veitt heimild til að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, er skyldi nefnast Póstur og sími hf., og taka til starfa 1. janúar 1997. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laganna var hlutafélaginu heimilt að stofna nýtt félag eða félög til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess og í sama tilgangi gat félagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við

133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Á hluthafafundi Pósts og síma hf. 29. ágúst 1997 var ákveðið að skipta félaginu í tvö hlutafélög með stofnun sérstaks félags um póstrektur. Í því sambandi var stefndi stofnaður og tók hann til starfa 1. janúar 1998. Samhliða var heiti Pósts og síma hf. breytt í Landssímamann hf. Allt hlutafé stefnda var og er í eigu íslenska ríkisins. Lög nr. 103/1996 voru síðar felld úr gildi með lögum nr. 75/2001 um sölu ríkissjóðs á hlutafé í Landsíma Íslands hf. Í athugasemdum með frumvarpi til síðarnefndu laganna sagði að lög nr. 103/1996 hefðu nú ekki lengur réttaráhrif og því væri eðlilegt að fella þau úr gildi. Dómurinn tekur fram að ekki er unnt að fallast á það með stefnda að það eitt og sér að lög nr. 103/1996 séu nú úr gildi fallin leiði til þess að kröfu stefnanda beri að hafna þegar af þeirri ástæðu heldur verður að líta svo á að réttur stefnanda ráðist einnig af efnislegrri þýðingu tilvísunar ákvæðisins til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkis. Þó verður að telja að 8. gr. laga nr. 103/1996 hafi verið ætlað að vera nokkurs konar sólarlagsákvæði þegar kom að biðlaunarétti starfsmanna Pósts- og símamálastofnunar og réttaráhrif þess því takmörkuð í því ljósi.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 var mælt fyrir um að fastráðnum starfsmönnum Póst- og símamálastofnunar skyldu boðnar sambærilegar stöður hjá hinu nýja hlutafélagi og þeir gegndu hjá stofnuninni „enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni“. Í síðari málslið ákvæðisins sagði: „Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.“ Með þessu var vísað til laga nr. 70/1996 sem þá höfðu nýlega tekið gildi. Þá var í 2. og 3. mgr. að finna nánari takmarkanir á biðlaunarétti við ákveðnar aðstæður. Áðurnefndum málslið um biðlaunarétt var bætt við ákvæðið í meðförum þingsins en ráða má af nefndarálitum með þeirri breytingartillögu að nauðsynlegt hafi þótt að kveða sérstaklega á um að um rétt starfsmanna til biðlauna færi eftir ákvæðum laga þar að lútandi. Verður að hafa það í huga þegar horft er til athugasemda með 8. gr. í frumvarpi til laganna.

Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem tóku gildi 1. júlí 1996, var kveðið á um að væri starf lagt niður ætti starfsmaður, sem skipaður hefði verið eða ráðinn í þjónustu ríkisins fyrir gildistöku laganna, og fallið hefði undir lög nr. 38/1954 en teldist ekki embættismaður, rétt til bóta er næmi launum í sex mánuði, ef hann hefði verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár, en ella í tólf mánuði. Að öðru leyti giltu um bótarétt og bótafjárhæð ákvæði 34. gr. laga nr. 70/1996.

Stefnandi hafði gegnt starfi hjá Póst- og símamálastofnun í um fjögur ár er hlutafélagið Póstur og sími hf., forveri stefnda, tók við rekstri stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum laga nr. 103/1996. Líta verður svo á að um leið og stofnunin sem slík leið þá undir lok, og nýr einkaréttarlegur lögaðili varð til, hafi sú staða sem

stefnandi gegndi verið lögð niður með þessari ráðstöfun. Gat því á þeim tíma komið til álita réttur hennar til biðlauna samkvæmt 8. gr. laga nr. 103/1996, sbr. og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en lög nr. 70/1996 höfðu þá tekið gildi í júlí það ár. Til þess kom þó ekki en fyrir liggur að stefnandi þáði starf hjá hinu nýja hlutafélagi og voru því ekki fyrir hendi skilyrði, hvorki þá né nú, til greiðslu biðlauna samkvæmt 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við lög nr. 70/1996, sbr. 34. gr. þeirra.

Dómurinn telur ekki unnt að líta svo á að við þessar aðstæður hafi biðlaunaréttur stefnanda, vegna niðurlagningar stöðu hennar hjá ríkisstofnuninni Póst- og símamálastofnun, á einhvern hátt hvílt og réttindaávinnslan jafnvel haldið áfram, þannig að nú geti komið til þess að hann verði virkjaður við uppsögn hennar úr starfi hjá stefnda sem er hlutafélag, einkaréttarlegs eðlis, sem starfar á almennum markaði. Verður 1. mgr. 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki skilin svo að biðlaunaréttur starfsmanna skyldi haldast og ávinnsla þess réttar svo halda áfram um ókominn tíma og til framtíðar þrátt fyrir að starfsmenn tækju við starfi hjá hinu nýja félagi. Ákvæðið verður á hinn bóginn að skilja svo að starfsmenn nytu áunnins biðlaunaréttar ef starf þeirra yrði lagt niður í beinu framhaldi af flutningi rekstrar stofnunarinnar til hlutafélagsins. Þá verður að hafa í huga að í 2. og 3. mgr. 8. gr. var mælt fyrir um að biðlaunaréttur félli niður ef sambærilegu starfi hjá hlutafélagi væri hafnað og biðlaun væru greidd úr ríkissjóði þrátt fyrir ráðningu hjá hlutafélagi.

Dómurinn tekur fram að ekki er unnt að fallast á þau sjónarmið stefnanda að ávinnsla réttinda hennar hafi svo haldið áfram óháð formbreytingu á félaginu. Þótt hið nýja hlutafélag hafi verið að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins þegar stefnanda var sagt upp störfum 21. október 2019, verður að telja ljóst að fyrirmæli laga nr. 70/1996 taka ekki til hennar eða annarra starfsmanna stefnda, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 2. gr. þeirra. Dómurinn telur því að við uppsögn stefnanda hjá stefnda geti ekki komið til álita að beita 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 líkt og stefnandi byggir á í máli þessu enda er stefnandi ekki ríkisstarfsmaður í skilningi 1. mgr. 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. laganna, og stefndi er ekki ríkisstofnun heldur hlutafélag einkaréttarlegs eðlis.

Dómurinn tekur einnig fram í þessu sambandi að litið hefur verið svo á að þar sem rekstur ríkisstofnunar hefur með lögum verið færður í hlutafélag feli áður nefnt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996 og lagaákvæði sambærileg 8. gr. laga nr. 103/1996 ekki í sér að hlutafélög, eins og stefndi, eða aðrir einkaréttarlegir aðilar, eigi um ókominn tíma að bera skyldu eins og ríkisstofnun, sbr. sjónarmið í dómum Hæstaréttar í málum nr. 337/2003 og 338/2003. Breytir þar ekki þó félagiform stefnda sé opinbert hlutafélag.

Þá tekur dómurinn fram að skilja verður ákvæði í ráðningarsamningi stefnanda og hlutafélagsins Pósts og síma hf. um „áunnin réttindi“ á þann veg að þar sé þeim

réttindum lýst sem stefnandi naut er samningurinn var gerður. Var þar um að ræða réttindi eins og veikinda- og orlofsrétt. Hvað varðar biðlaunarétt sem þar er tilgreindur gat einungis verið um að ræða þann biðlaunarétt sem stefnandi hafði þá áunnið sér, eins og fyrirsögnin ber með sér, og hún gat notið við niðurlagningu starfsemi ríkisstofnunar og yfirfærslu reksturs frá stofnun til hlutafélags en ekki við áframhaldandi formbreytingar á félaginu. Verður því að líta svo á að í þessari tilgreiningu í ráðningarsamningi felist einungis tilvísun til þess réttar sem stefnandi hafði þá áunnið sér í störfum sínum hjá Póst- og símamálastofnun í gildistíð laga nr. 38/1954, og sem stefnandi kynni að eiga samkvæmt ofangreindu bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996, og gat komið til álita við ofangreindar aðstæður. Því var þessi tilgreining á biðlaunum ávallt háð efnislegu inntaki réttar hennar lögum samkvæmt en fól ekki í sér sjálfstæðan umsaminn rétt til framtíðar. Með umræddu ákvæði ráðningarsamningsins var þannig ekki samið sérstaklega um biðlaunarétt, óháð rétti stefnanda samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 103/1996, um ókomna tíð og þannig að gildi hafi gagnvart stefnda nú.

Gat ákvæðið því ekki falið í sér betri rétt til handa stefnanda en unnt var að leiða af lögum enda var í ráðningarsamningnum vísað til 8. gr. laga nr. 103/1996. Þá tekur dómurinn fram að ekki getur komið til álita að beita ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 í málinu enda ekki um það að ræða að í samningnum hafi falist eftirgjöf starfsmanns á áunnum réttindum.

Þá gat þessi tilgreining á áunnum biðlaunarétti við gerð ráðningarsamnings ekki heldur leitt til þess, eins og áður er komið fram, að stefndi bæri sem hlutafélag um ókominn tíma skyldu sem ríkisstofnun gagnvart starfsmanni sínum sem áður var í starfi hjá Póst- og símamálastofnun til að svara til biðlauna ef honum yrði síðar sagt upp störfum. Verður slík niðurstaða ekki leidd af lögum og verða því ekki talin lagaskilyrði til að fallast á kröfu stefnanda. Þá geta lög um aðilaskipti, hvorki lög nr. 77/1993 eða nýrri lög um sama efni nr. 72/2002, heldur ekki leitt til slíkrar niðurstöðu né ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Dómurinn tekur fram að þegar hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi geti ekki byggt rétt sinn til biðlauna á lögum nr. 103/1996, lögum nr. 38/1954 og/eða lögum nr. 70/1996, né á tilvísun 8. gr. laga nr. 103/1996 til bráðabirgðaákvæðis laga nr. 70/1996 eða samkvæmt ákvæðum ráðningarsamnings stefnanda. Hefur því í sjálfu sér ekki sjálfstæða þýðingu að taka afstöðu til þess hvort önnur efnisleg skilyrði biðlaunaréttar væru á annað borð talin vera fyrir hendi. Dómurinn telur þó rétt að taka fram í fyrsta lagi, og áréttu, að líta verði svo á að starf stefnanda hjá stefnda hafi ekki verið lagt niður í þeim skilningi sem leggja verði til grundvallar þegar biðlaunaréttur getur komið til álita heldur að stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá stefnda. Þá verði í öðru lagi ekki fram hjá því litið að við uppsögn

úr starfi hjá stefnda hafi stefnandi ekki gegnt því starfi sem hún gegndi í gildistíð eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 hjá ríkisstofnunni Póst- og símamálastofnun eins og ráða má af því sem fram kemur í gögnum málsins um starfsferil stefnanda. Að lokum tekur dómurinn fram að ekki getur haft þýðingu í þessu máli, eða komið til álita, hvernig stefndi kann að hafa staðið að starfslokum annarra starfsmanna á fyrri árum enda ekki byggt á málsástæðum þar að lútandi í stefnu málsins.

Samkvæmt öllu framansögðu brestur lagaheimild fyrir kröfu stefnanda og þá verður hún heldur ekki leidd af ákvæði ráðningarsamnings hennar. Verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu. Þrátt fyrir þessi úrslit málsins þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 7. desember 2020.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Íslandspóstur ohf., er sýkn af kröfu stefnanda, A.  
Málskostnaður fellur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir